

og hár móður sinnar. Þegar hann sá móður sína, æpti hann af gleði og fór í fang hennar.

"Nú, Allan, heldur þú að þessi drengur eigi sinn líka, — svo fallegur og skynsamur!"

"Ég man það", sagði Lady Caren, "að ég áleit það sama um Allan, þegar hann var lítið barn".

"Þarna kemur Lady Die", sagði lávarðurinn. — "Spurðu hana að því sama".

Lady Die brosti, þegar hún var spurð um þetta sem kona, er hefði reynslu fyrir sér viðvikjandi smábörnum.

"Ég er að gå að Alisu Kan. Ég hélt hún væri hér".

Nú kom lávarður Shirley. Lady Aðalheiður stóð upp til þess að fagna honum. Hann var enn þá ógiftur, og er hann var spurður, hvísegur hann ætlaði að fara að gifta sig, svaraði hann öllum spurningum svo, að hann væri að leita, að þeirri stúlkunni, er svaraði til þeirrar hugmyndar, er hann gerði sér um konu sína. Hann vildi eignast konu líka Lady Aðalheiði, en hann var hræddur um, að hann myndi seint finna hennar líka.

Það var fallegt og skemtilegt á Brooklands þetta sumar. Lady Die var þar með mammi sínum og börnum. Lady Caren var nú sest þar að fyrir fult og alt. Lady Kan og Alisu hafði verið boðið að dvelja þar nokkrar vikur, og því datt Aðalheiði í hug, að biðja lávarðinn, að bjóða Shirley lávarði þangað, hinum nýbakaða aðalsmanni, svo Alisa og hann hefðu tækifæri til að vera saman. Lady Aðalheiður áleit, að jaungott júníveður, íðjuleysi og Alisa Kan væri nokkuð, er hann gæti ekki staðið á móti.

Clavering hershöfðingi var nú farinn til Indlands áftur, fullviss um, að nú væri alt á Brooklands orðið eins og það ætti að vera.